

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni

auglýsir styrki úr Styrktarsjóði Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar til MA-nema í lögfræði, félagsráðgjöf og á Menntavísindasviði til að vinna að rannsóknarverkefni um einelti gegn börnum.

Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar hefur veitt veglegan styrk til verkefnisins sem er unnið af Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni undir verkefnisstjórn Þórhildar Líndal forstöðumanns. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Félagssráðgjafardeild, Lagadeild og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Um er að ræða heildstæða, þverfræðilega rannsókn á einelti gegn börnum á Íslandi.

Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka einelti út frá þremur sjónarhornum á vegum þriggja fræðigreina innan Háskóla Íslands. Rannsókninni er þannig ætlað að samræma og efla sérfræðiþekkingu á einelti og fá heildstæðari mynd af raunverulegri stöðu eineltismála í samfélaginu.

Styrkir verða veittir til þriggja nemenda í meistaranámi, sem hafa áhuga á að taka þátt í þessari rannsókn. **Styrkfjárhæð til hvers meistaranema er kr. 300.000.**

Auglýst er eftir:

- **Meistaranema í lögfræði við Lagadeild Háskóla Íslands.** Verkefnið felst m.a. í því að skrifa meistararitgerð um einelti út frá sjónarhorni lögfræðinnar undir umsjón Hrefnu Friðriksdóttur, lektors við Lagadeild Háskóla Íslands.
- **Meistaranema í félagsráðgjöf.** Verkefnið felst m.a. í því að skrifa meistararitgerð um einelti út frá sjónarhorni félagsráðgjafar undir umsjón Halldórs S. Guðmundssonar, lektors við Félagssráðgjafardeild Háskóla Íslands.
- **Meistaranema á Menntavísindasviði.** Verkefnið felst í því að skrifa meistararitgerð um einelti út frá sjónarhorni menntavísinda undir umsjón Halldóru Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektors við Íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild Háskóla Íslands.

Meistaranemendurnir sem hljóta styrk þurfa einnig að taka þátt í samstarfi sínu á milli með reglubundnum hætti frá haustinu 2010 varðandi uppbyggingu og samhæfingu rannsóknarinnar. Ráðgefandi sérfræðingur er dr. Brynja Bragadóttir. Þá munu meistaranemarnir vinna að gerð lokaskýrslu um heildarniðurstöður rannsóknarinnar, auk Brynju og verkefnisstjórnar, sem kynntar verða opinberlega haustið 2011.

Umsóknarfrestur er til 15. september 2010.

Í umsókninni þurfa eftirtalin atriði að koma fram:

1. Nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang, sími og netfang.
2. Við hvaða deild viðkomandi stundar meistaranám og upplýsingar um námsferil og námsárangur.
3. Stutt greinargerð um helstu ástæður þess að umsækjandi sækir um þennan styrk. Starfsferilskrá.
4. Nöfn og símanúmer meðmælenda.

Umsóknum skal skila sem viðhengi á netfang forstöðumanns Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni, Þórhildar Líndal, thorhill@hi.is sem veitir frekari upplýsingar ef óskað er.

Áætlað er að ákvörðun um hverjir hljóta styrkina liggi fyrir fyrir í september 2010.